



### Aurkeila Heimari-Lambár

Ofan frá Strýtu á Vindheimajökli kemur Heimari-Lambá. Áin fellur fram úr bröttu gili og ber ógrynni af grjóti og aur niður í hliðina, einkum í leysingum á vorin. Grjótið sest að þar sem brattinn minnkar. Áin flæmist fram og aftur um grjóturðina, hleður undir sig og færir sig síðan til hliðar. Þannig myndast keilulaga urð neðan við gilið, svokölluð aurkeila.

Hönnun og uppsetning: Ferðafélag Akureyrar

### The alluvial fan of Heimari-Lambá river

The Heimari-Lambá river falls down into Glerárdalur valley from the peak Strýta on Vindheimajökull glacier. The river emerges from a steep gorge and carries an enormous amount of rocks and gravel, especially in the spring thaw. When the river slows down, it begins to drop its load of gravel and rocks, creating a delta-shaped alluvial fan.

Design and construction: The Touring Club of Akureyri



### Skiþóll og Hrossadalur

Eftir að ísöld lauk fyrir 10.000 árum féll mikil skriða úr vesturhlíð Súlna niður í Glerárdal.

Skiþóll vestan Glerár er hluti þessa framhlaups.

Í vesturhlíð Glerárdals, upp frá Skiþóll, er dalskora sem nefnist Hrossadalur.

Stutt sunnan Skiþóls fellur Fremri-Lambá í Glerá. Áin kemur vestan úr Fremri-Lambárdal, frá rótum Kistu. Þar uppi er skrautlegt líparít og dökkir berggangar, talið gömul megineldstöð.


Hönnun og uppsetning: Ferðafélag Akureyrar

### Skiþóll hill and Hrossadalur valley

After the end of the last glacial period, approx. 10,000 years ago, there was a massive landslide from the west side of Mt. Súlnur into the Glerárdalur valley. The cone-shaped Skiþóll, just west of Glerá river, was formed in this landslide.

Above Skiþóll there is a narrow valley, Hrossadalur (horse valley). Fremri-Lambá river comes down from a side valley, just south of the Skiþóll. In this valley, Fremri-Lambárdalur, there is multi-coloured rhyolite and dark dykes, the base of an old volcano.

Design and construction: The Touring Club of Akureyri



## Snjódæld – sérstakt gróðursamfélag

Snjódældagróður finnst í lautum og lægðum þar sem snjór verður þykkri og liggur lengur en í nágrenninu. Snjórinn hlífir fyrir vetrarkuldum svo að minna frost verður í jarðveginum en ella. Snjórinn hlífir líka fyrir næturfrosti á vorin og fyrri hluta sumars.

Í snjódældunum er líka betra skjól og meiri raki en á hávöðunum í kring. Vaxtartími plantna í snjódældum getur þó orðið stuttur ef snjó leysir seint.

Einkennisplöntur snjódælda til fjalla eru t.d. grasvíðir (A), grámulla (B), fjallasmári (C) og kornsúra (D).

Hönnun og uppsetning: Ferðafélag Akureyrar

## Snowbed – a special plant environment

Snowbed vegetation is found in hollows and depressions where the winter snowdepth is greater than in the surrounding area.

The snow cover lasts longer and protects the vegetation from the hard frost of the winter.

The snowbed is also more sheltered and has higher humidity than its surroundings. However, because of the snow, the growing season can be short.

The most common vascular plants in mountain snowbeds are dwarf alpine willow (A), alpine arctic cudweed (B), creeping sibbaldia (C) and alpine bistort (D).

Design and construction: The Touring Club of Akureyri



### Gil Fremri-Lambár

Fremri-Lambá suðaustan megin á Glerárdal kemur úr Lambárdalsjökli norðan undir Kerlingu (1538 m). Áin er stærsta þverá Glerár og getur orðið mjög vatnsmikil í leysingum. Lambárfoss heitir þar sem áin fellur í djúpt og hrikalegt gljúfur. Ferðafélag Akureyrar byggði göngubrú á Fremri-Lambá rétt ofan við fossinn árið 1979, á götunni fram í skálann Lamba. Brúin hefur oft brotnað niður vegna snjóþyngsla. Ferðafélagið hefur því þurft að endurbyggja hana mörgum sinnum.

Hönnun og uppsetning: Ferðafélag Akureyrar

### The gorge of Fremri-Lambá river

Fremri-Lambá river on the southeastern slope of Glerárdalur valley originates from Lambárdalsjökull glacier, below the north face of Mt. Kerling (1538 m). This river is the largest tributary of Glerá river and can swell tremendously during a thaw. Lambárfoss waterfall is where the river plunges into a deep gorge. The Touring Club of Akureyri built a pedestrian bridge on the river, just above the waterfall, in 1979. The bridge has collapsed several times because of heavy winter snowfall, requiring frequent reconstruction.

Design and construction: The Touring Club of Akureyri

